



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 2009



EFNISYFIRLIT

Framtíðin felur í sér spennandi áskoranir með hæfu starfsfólki – Ávarp Georg Kr. Lárusson forstjóri	3
Verðmætin felast í reynslu og þekkingu starfsmanna	4
Starfsvettvangur	5
Þungamiðja starfseminnar – vöktun og viðbragð	6-7
Leit, björgun og bráðaflutningar á sjó og landi	8
Eftirlit með fiskveiðum á hafsvæðinu umhverfis Ísland	9
Löggæslu á landi veitt margvísleg aðstoð	10
Mikilvægt hlutverk við almannavarnir	11
Köfun er veigamikill þáttur í aðgerðum til sjávar	12
Mælingar hafsvæðisins og þróun sjókorta	13
Erlend samvinna	14
Kynningarstarf á innlendum jafnt sem erlendum vettvangi	15
Rekstur ársins 2009 - helstu niðurstöður	16
Úr dagbók Landhelgisgæslunnar 2009	17-22

FRAMTÍÐIN FELUR Í SÉR SPENNANDI ÁSKORANIR MEÐ HÆFU STARFSFÓLKI

– GEORG KR. LÁRUSSON FORSTJÓRI

Árið 2009 var um margt viðburðarríkt hjá Landhelgisgæslunni en umfram allt einkenndist það af krafti og samhug starfsmanna sem þrátt fyrir þrengingar í rekstri sýndu engan bilbug heldur lögðust á eitt við að rækja skyldur Landhelgisgæslunnar í að standa vörð um fullveldisrétt Íslands á hafsvæðinu í kringum landið.

Landhelgisgæslan er borgaraleg öryggis-, eftirlits- og löggæslustofnun sem bæði gegnir hlutverki viðbragðs- og vöktunaraðila á hafinu umhverfis Ísland. Til að rækja hið víðfeðma hlutverk og leitast við að tryggja sem best öryggi á hafinu er gríðarlega mikilvægt að afla, greina og miðla upplýsingum og eiga í nánú samstarfi við nágrannþjóðirnar á grundvelli gagnkvæms trausts og trúverðugleika.

Með þessa mikilvægu áherslupunkta að leiðarljósi var á árinu 2005 hafist handa við endurskipulagningu Landhelgisgæslunnar frá grunni. Sett voru ný lög um starfsemina árið 2006, árangursstjórnunarsamningur gerður við dómsmálaráðuneytið ári síðar og unnin þriggja ára Landhelgisgæsluáætlun sem fjallar ítarlega um markmið og áherslur í starfseminni til loka árs 2010. Breytt heimsmýnd hefur ekki hvað síst kallað á að Landhelgisgæslan sé í stakk búin til að bregðast við aðstæðum á Norður-Atlantshafi, meðal annars auknum siglingum, breyttum siglingaleiðum, hryðjuverkaógn, skipulagðri glæpastarfsemi, mengun og auðlindanýtingu. Endurnýjun tækjabúnaðar Landhelgisgæslunnar er meðal annars liður í þessu.

Umtalsverðar breytingar hafa orðið í rekstri Landhelgisgæslunnar frá því að starfseminni var mörkuð metnaðarfull og brýn umgjörð í Landhelgisgæsluáætlun. Ljóst var strax á haustdögum 2008 að leita þyrfti allra leiða til að hagræða í rekstrinum vegna árferðisins og stöðu á heimsmörkuðum enda er Landhelgisgæslan afar háð erlendu gengi, bæði vegna eldsneytisverðs og

leigu á þyrlum. Aðeins var grundvöllur fyrir að hafa eitt varðskip á sjó í einu auk þess sem fækka þyrfti flugtímum loftfara Landhelgisgæslunnar og almennt draga saman í allri starfseminni. Fyrst og síðast var þó leitað allra leiða til að komast hjá uppsögnum og halda fast í þau verðmæti sem falin eru í sérhæfðri þekkingu og reynslu starfsmanna.

Með komu nýrrar leitar-, eftirlits- og björgunarflugvélar, TF-SIF sem kom til landsins 1. júlí hófst nýr kafli í starfseminni. TF-SIF leysti af hólmi TF-SYN sem þjónað hafði Landhelgisgæslunni dyggilega í rúm 32 ár. TF-SIF er sérhönnuð til leitar-, eftirlits-, björgunar- og sjúkraflys á Norður Atlantshafi. Með flugvélinni margfaldast viðbragðsgeta Landhelgisgæslu Íslands með tilliti til mengunar, fiskveiða, hafíss og auðlindagæslu, einnig aukast möguleikar til leitar- og björgunar gríðarlega, bæði á hafi úti og á landi.

Þá voru það ekki síður merk tímamót í starfseminni þegar nýtt fjölnota varðskip Íslendinga var sjósett þann 29. apríl við hátíðlega athöfn í ASMAR skipasmíðastöð sjóhersins í Chile og um leið gefið nafnið Þór. Mun varðskipið gjörbreyta viðbragðsgetu Landhelgisgæslunnar á sviði leitar-, björgunar-, eftirlits og auðlindagæslu á Norður-Atlantshafi.

Alþjóðasamskipti voru mikil á árinu en samskipti og samvinna með systurstofnunum nágrannþjóðanna er án efa einn af mikilvægustu þáttum þess að tryggja öryggi á hafinu. Liður í slíku samstarfi er þátttaka Landhelgisgæslunnar í samtökunum North Atlantic Coast Guard Forum en að þeim standa tuttugu sjóherir og strandgæslur þjóða beggja vegna Norður-Atlantshafsins. Landhelgisgæslunni var sýnt það mikla traust á árinu 2008 sem var þriðja starfsár samtakanna að vera falin formennska þeirra í eitt ár fram til september 2009. Þar með hafði Landhelgisgæslan lykilhlutverki að gegna við að móta starfsemi samtakanna. Samstarfið hefur



Georg Kr. Lárusson
forstjóri Landhelgisgæslu Íslands

skilað öflugu tengslaneti sem nýtist með margvíslegum hætti, meðal annars með sameiginlegum verkefnum, miðlun og greiningu upplýsinga sem og gagnkvæmri þjálfun starfsmanna.

Landhelgisgæslan fékk fjölda heimsóknna samstarfsaðila og annarra á árinu 2009. Má þar nefna yfirmann norsku strandgæslunnar og danska varnarmálaráðherrann Sören Gade sem sérstaklega ræddi um samstarf ríkjanna á sviði öryggis- og björgunarmála og þátttöku Landhelgisgæslunnar meðal annars með nýrri flugvél og nýju varðskipi. Landhelgisgæslan og norski og danski flotinn hafa um árabíl átt í góðu samstarfi, einkum á sviði eftirlits- og öryggismála. Hafsvæðið sem þjóðirnar hafa yfirráð yfir er víðáttumikið og erfitt yfirferðar og hafa á síðastliðnum árum verið undirritaðir samstarfssamningar um nánara samstarf þjóðanna er varðar leit, eftirlit og björgun á Norður-Atlantshafi.

Þrátt fyrir samdrátt í rekstri eru spennandi tímar framundan með metnaðarfullu starfsfólki og nýjum tækjabúnaði sem skapar ómæld tækifæri fyrir Landhelgisgæsluna og íslenska þjóð. Með öryggi og fagmennsku að leiðarljósi er Landhelgisgæslan til taks til að sinna sem best þjónustu við landsmenn á sviði leitar- og björgunar sem og öryggis- löggæslu og eftirlits á hafinu umhverfis Ísland.



VERÐMÆTIN FELAST Í REYNSLU OG ÞEKKINGU STARFSMANNA



Starfsmannahópur Landhelgisgæslunnar er fjölbreyttur og fjölhæfur enda felast verðmæti Landhelgisgæslunnar fyrst og fremst í öflugri liðsheild, færni, menntun og víðtækri reynslu starfsmanna. Starfsstéttir eru margar; skipstjórnarmenn, flugmenn, flugvirkjar, vélstjórar, sjómenn, sprengjusérfræðingar, háskólamenntaðir og sérfræðingar á ýmsum sviðum í stjórnstöð, á skrifstofu og víðar. Til gamans má geta að unnið er eftir 13 kjarasamningum og fjöldamörgum stofnanasamningum. Starfsmenn Landhelgisgæslunnar eru um 140 en vegna samdráttar í starfseminni fækkaði starfsmönnum um liðlega 30 á árinu 2009. Sumir hættu störfum, aðrir hófu töku lífeyris ýmist samhliða vinnu eða alfarið, minnkuðu starfshlutfall eða tóku launalaust leyfi til að víkka sjóndeildarhringinn og öðlast dýrmæta reynslu, sérstaklega á erlendri grundu. Meðal annars fóru skipstjórnarmenn og vélstjórar til starfa hjá erlendum skipafélögum á Norðurlöndum og víðar og flugmenn og flugvirkjar til starfa í Saudi Arabíu, Uzbekistan, Malasíu og Rúmeníu svo eitthvað sé nefnt. Þessi reynsla mun án efa skila sér í störfum þessara starfsmanna hjá Landhelgisgæslunni er þeir snúa aftur úr leyfum.

Mennta- og þjálfunarmál eru gífurlega mikilvægur þáttur í starfi

Landhelgisgæslunnar og þá sérstaklega er kemur að störfum í flugi, á sjó, í sprengjusveit og í stjórnstöð.

Starfsmenn eru í sífellldri þjálfun bæði innan Landhelgisgæslunnar og í samstarfi með innlendum jafnt sem erlendum samstarfsaðilum til að geta verið sem best búnir undir þau fjölbreyttu og ábyrgðarmiklu verkefni sem falla undir verksvið Landhelgisgæslu Íslands. Í flugdeildinni eru til að mynda haldin reglubundin námskeið allra áhafnarmedlima svo sem í notkun öryggisbúnaðar, áhafnarsamskiptum, meðferð sprengiefna og nætursjónauka. Þá fara allir flugmenn erlendis tvisvar á ári í flughermisþjálfun þar sem æfð eru rétt viðbrögð við hinum ýmsu atvikum sem upp geta komið í flugi. Annað hvert ár fara flugáhafnir til Aberdeen á Skotlandi þar sem allir áhafnarmedlimir æfa viðbrögð við nauðlendingu á sjó, hvernig komast skal út úr þyrlu sem hefur hvolfst, notkun neyðarsúrefnis og fleira. Einnig má nefna að allir spilmenn og sigmenn Landhelgisgæslunnar eru nú menntaðir sjúkraflutningamenn sem er að sjálfsgöðu mikill hagur og aukið öryggi fyrir sjúklinga og lækni um borð. Koma nýrrar flugvélar til Landhelgisgæslunnar á árinu 2009 kallaði á talsverða þjálfun flugmanna og stýrimanna á vélna og eftirlitsbúnað hennar og fór sú þjálfun að mestu fram í Toronto í Kanada.

Um borð í varðskipunum eru haldnar reglulegar æfingar samhliða hefðbundnum störfum varðskipa. Má nefna að yfirgefa skip, maður fyrir borð, eldvarnir, reykköfun, þyrluæfingar, leit- og björgun, löggæslu, skotvopnaþjálfun, þjónustusiði og fleira. Þá fer fram nýliðafræðsla ef nýr áhafnarmedlimur kemur um borð og með reglubundnu millibili er endurmenntun í öryggis- og björgunarbúnaði skipsins fyrir alla áhafnarmedlimi.

Allir starfsmenn Landhelgisgæslunnar sem sinna störfum á vettvangi undirgangast regluleg próf til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í starfi. Má nefna skotæfingar, uppgönguæfingar í skip og skipstökur, lögreglutök, þjálfun í skýrslutöku og þrekpróf. Farið var í slíkar æfingar á árinu 2009.

Á haustdögum sóttu allir starfsmenn Landhelgisgæslunnar skyndihjálparnámskeið sem kennd eru innanhúss af starfsmanni Landhelgisgæslunnar. Námskeiðin eru samsett í samræmi við störf og þarfir deilda og munu starfsmenn sækja slík námskeið með reglubundnu millibili.

Það má því segja að kjörorð Landhelgisgæslunnar að vera til taks endurspeglit í þeim öflugra og vel þjálfada starfsmannahópi sem Landhelgisgæslan státar af.




Áhöfn varðskipsins Aegis sumarið 2009

STARFSVETTANGUR

Starfsvettvangur Landhelgisgæslu Íslands er hafið umhverfis Ísland, þ.e. innsævið, landhelgin, efnahagslögsagan (EEZ) og landgrunnið, auk úthafsins samkvæmt reglum þjóðarréttar. Leitar og björgunarsvæði Íslands nær fyrst og fremst yfir íslensku efnahagslögsöguna en samkvæmt skilgreiningu alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) og alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) er Ísland ábyrgt fyrir leit og björgun á svæði sem er talsvert stærra, um 1,8 milljón ferkílómetrar eða meira en tvöfalt stærra en efnahagslögsagan. Þá sinnir Landhelgisgæslan einnig verkefnum á landi í samstarfi við lögreglu og önnur yfirvöld.

Leitar- og björgunarsvæðið samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum nær norður fyrir Jan Mayen í norðri, austur að 0° lengdarbaug í austri, austur og suður fyrir Færeyjar og þaðan að Hvarfi, syðst á Grænlandi og norður með austurströnd Grænlands og norður fyrir Jan Mayen eins og komið hefur fram. Þetta er gífurlega stórt ábyrgðarsvæði á erfiðu hafsvæði. Þó svo að Landhelgisgæslan sé ábyrgt fyrir leit og björgun á þessu svæði þarf það ekki alltaf að þýða að íslensk skip eða loftför séu kölluð til að sinna aðgerðum. Allra mögulegra



Starfsvettvangur: Íslenska efnahagslögsagan innan svörtu línunnar (stærð 758 km²). Leitar- og björgunarsvæðið sem Landhelgisgæslan er ábyrgt fyrir (1,8 milljónir km²) er táknað með rauðri línu. Bláir fletir eru svæði Norðaustur Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Aðildarþjóðir; Ísland, Danmörk f. hönd Færeyja og Grænlands, Evrópusambandið, Noregur og Rússland.

alþjóðlegra leiða er leitað til að koma skipum, bátum eða loftförum til aðstoðar sem lent hafa í óhöppum en Landhelgisgæslan og stjórnstöð hennar bera engu að síður ábyrgð á aðgerðum allt til enda. Mikil og góð samvinna er við þá aðila sem bera samskonar ábyrgð í nágrennalöndunum. Þar má nefna danska sjóherinn á Grænlandi,

Björgunarsvæðinu í Noregi (Redningstjenesten), Landhelgisgæslu Færeyja, bresku strandgæsluna og kanadísku strandgæsluna. Fyrir kemur að samstarfið verði mun víðtækara þegar um leitir af týndum bátum eða skútum er að ræða og björgunarsvæðum beggja vegna Norður-Atlantshafi í samskiptum og samvinnu.



Varðskipið TÝR á Eyjafirði

Ljósmynd AS

ÞUNGAMIÐJA STARFSEMINNAR – VÖKTUN OG VIÐBRAGÐ



Allar einingar Landhelgisgæslunnar taka þátt í verkefnum sem lúta að öryggis- og löggæslu, sem og eftirliti á hafinu með einum eða öðrum hætti. Aðgerðasvið Landhelgisgæslunnar hefur það hlutverk að taka ákvörðun um hvert beina skuli þessum einingum hverju sinni til leitar-, björgunar-, eftirlits-, og löggæslustarfa.

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar annast vöktun og viðbragð allra eininga Landhelgisgæslunnar. Er stjórnstöð leitar og björgunar á hafinu og jafnframt vaktstöð siglinga, skv. samningi við Siglingastofnun. Það gerir hana að samhæfingar- og þjónustuaðila fyrir alla starfsemi Landhelgisgæslunnar (single point of contact). Tekur á mót og miðlar upplýsingum frá sjófarendum, boðar viðbragðsaðila á sjó í útköll, samhæfir verkefni þeirra og sér um fjarskipti við þá. Á hverju ári berast stjórnstöð á annað hundrað aðstoðarbeiðnir vegna leitar, björgunar og sjúkraflutninga þar sem skip og loftför Landhelgisgæslunnar koma við sögu. Aðgerðir sem stjórnstöð sinnir eða stýrir eru þó mun fleiri. Í þeim tilvikum er m.a. björgunarskipum og bátum Slysavarnafélagsins Landsbjargar beint til aðstoðar sem og nærstöddum skipum og bátum.

Útköll flugdeildar 2009:

	ALFA	BRAVO	CHARLIE	DELTA	Samtals
2009	41	66	20	9	136
2008	36	72	28	14	150
2007	60	93	29	0	182

Landhelgisgæslan sinnir einnig fjarskiptapjónustu við sjófarendur, móttöku neyðarkalla og aðstoðarbeiðna og er um leið eftirlitsstöð fyrir fjareftirlit. Inn á borð stjórnstöðvarinnar koma allar lögboðnar tilkynningar um skipaumferð innan lögsögunnar og er þar fylgst með þekktri skipaumferð á hafsvæðinu kringum Ísland. Í október mánuði fékk stöðin aðgang að Long Range Identification tracking kerfi sem veitir upplýsingar um staðsetningu

Árlega berast stjórnstöðinni um 1500 tilkynningar frá skipum eða bátum frá 14 þjóðum innan Schengen samstarfsins (47 fánar).

Um tölvuvædd fjareftirlitskerfi ein og sér berast stöðinni um 1,5 milljón tilkynninga á sólarhring.

Allt upp í 1000 skip geta verið á sjó á sama tíma í fjareftirlitskerfi / Vessel monitoring system (VMS)

Á árinu 2009 voru 1.902 storm- og ísingarviðvaranir lesnar út á ensku og íslensku


Alls voru 13.998 NAVTEX viðvörðunarskeyti send á árinu, 80% þeirra til alþjóðlega íslenska ábyrgðarsvæðisins en 20% til austurhluta alþjóðlega grænlenka ábyrgðarsvæðisins.

flutningaskipa sem sigla um hafsvæðið og nær í um 400 sjómílna radíus frá landinu. Á árinu 2009 bárust Landhelgisgæslunni 206 skeyti frá Cospas/Sarsat neyðarsendum á tíðninni 406 MHz. Þann 1. febrúar 2009 var hætt móttöku skeyta frá gömlum neyðarsendum skipa og flugvéla (á tíðninni 121.5/243 MHz) í gervi-hnattakerfinu.


Varðskip Landhelgisgæslunnar sinna mikilvægum þætti við öryggis- og löggæsluhlutverk stofnunarinnar. Leitast er við að beina þeim innan lögsögunnar eftir verkefnum, álagi, veðri og aðstæðum hverju sinni. Auk þess að sinna hefðbundnu eftirliti á siglingu um hafið umhverfis Ísland eru skipin ávallt til taks til að bregðast við hverjum þeim verkefnum sem Landhelgisgæslan þarf að sinna, hvort sem um er að ræða löggæslu, öryggisgæslu,

leit, björgun eða aðstoð, jafnt við sjófarendur sem landsmenn. Í ágúst-mánuði tók Landhelgisgæslan að sér verkefni fyrir Ístak að draga tvo dýpkunarpramma, Mikael og Gretti til Stamsund á Lofoten í Noregi. Einnig var ferðin nýtt til eftirlitsstarfa í Síldarsmugunni þar sem um þrjátíu skip voru að veiðum. Með því að senda íslenskt varðskip í Síldarsmuguna minnti Landhelgisgæslan á rétt Íslendinga á þessu hafsvæði og uppfyllti jafnframt alþjóðlegar eftirlitskyldur sem aðili að Norðaustur Atlantshafs fiskveiðinefndinni (NEAFC). Frá haustinu 2008 var ljóst að aðeins væri grundvöllur fyrir að hafa eitt varðskip á sjó í einu, hefur því dögum varðskipanna á sjó fækkað úr 678 árið 2004 í 360 árið 2009.


Tegundir skipa sem sigla innan íslensku efnahagslögsögunnar:




Cospas/Sarsat neyðarskeyti 2009



Sigldar sjómílnur varðskipanna 2003-2009



Fjöldi daga varðskipanna á sjó 2003-2009



Þylur Landhelgisgæslunnar eru notaðar jafnt til öryggis- og löggæslu sem og í leitar- og björgunarflug. Farið er með reglubundnum hætti í eftirlitsflug á þyllum en auk þess er æfingaflug nýtt til löggæsluverkefna. Löggæsluferðir þylnanna felast í almennu eftirliti með skipaumferð og fiskveiðum á grunnslóð. Á landi er verkefnum sinnt í samstarfi við lögreglu má þar nefna umferðar- og hálendisefirlit.

TF-SIF, eftirlits- og björgunarflugvél


Landhelgisgæslunnar kom til landsins 1. júlí 2009. Leysti hún af hólmi TF-SYN sem þjónað hafði Landhelgisgæslunni dyggilega frá árinu 1977 eða í rúm 32 ár. Með TF-SIF margfaldaðist eftirlitsgeta Landhelgisgæslu Íslands bæði með tilliti til almannavarna, mengunar, fiskveiða og hafíss. Notkunarmöguleikar flugvélarinnar til öryggis- og löggæslu, eftirlits, leitar og björgunar sem og sjúkraflugs eru gífurlegir. Skapar vélin okkur Íslendingum kost á að fylgjast með hafinu umhverfis Ísland með allt öðrum og nákvæmari hætti en verið hefur. Meðal annars býr vélin yfir öflugri infrarauðri myndavél sem bæði getur tekið myndir frá hlið og beint fram, jafnt að nóttu sem degi. Með þessari tækni er hægt að hafa yfirsýn yfir

umferð og aðgerðir sem og greina athafnir með ótrúlegri nákvæmni. Einnig er vélin búin mjög öflugum 360 gráðu radar sem getur greint skip í allt að 200 sjómílna fjarlægð og tegund þeirra í 40 sjómílna fjarlægð. Þá býr vélin yfir búnaði sem greinir mengun með nýjum og nákvæmari hætti en áður sem þýðir gjörbreytingu í auðlindagæslu og umhverfisvernd.

Skipting flugtíma á milli verkefna:

	2009	2008	2007
Gæsluflug	23%	22%	16%
Leitar-, björgunar og sjúkraflug	15%	16%	25%
Önnur verkefni	15%	18%	20%
Þjálfun	45%	42%	36%
Prufuflug	2%	2%	3%

Flugtímar loftfara 2007-2009:



Eftirlits- og björgunarflugvélin TF-SIF

LEIT, BJÖRGUN OG BRÁÐAFLUTNINGAR



Landhelgisgæslan fer með yfirstjórn leitar og björgunar á hafsvæðinu við Ísland. Í því felst stjórnun allra leitar- og björgunaraðgerða innan íslenskrar efnahagslögsögu og á ábyrgðarsvæði Íslands á alþjóðlegum hafsvæðum.

Einnig aðstoðar Landhelgisgæslan yfirvöld á landi við leit og björgun sé þess óskað. Óhöppum til sjávar hefur fækkað talsvert á síðastliðnum árum og má þar þakka

auknu eftirliti og og búnaði um borð. Einn maður fórst í sjóslysi á árinu 2009. Þann 4. júní 2009 strandaði togarinn Sóley Sigurjóns í innsiglingunni í Sandgerði. Þar kom berlega í ljós mikilvægi

varðskipa sem björgunartækja og ekki síður mikilvægi þess fyrir Landhelgisgæsluna að hafa yfir öflugu björgunar- og dráttarskipi að ráða þegar varðskipið Týr dró togarann af strandstað. Þann 12. október 2009 fór

varðskipið Ægir til aðstoðar grænlenka togskipinu Qavak þar sem það var vélarvana um 200 sjómílar suðvestur af Reykjanesi með fjóra menn í áhöfn. Var skipið dregið til hafnar í Reykjavík.

Bráðaflutningar á sjó og landi

Landhelgisgæslan sinnir bráðaflutningum á sjó og notast þar fyrst og fremst við þyrlur en einnig flugvél og/

eða varðskip ef þörf er á. Landhelgisgæslan hefur kappkostað að sinna bráðaflutningum af fagmennsku og leitast við að búa einingar sínar bestu tækjum til þessa verkefnis. Reynt er að hafa alltaf lækni í áhöfn

þyrlanna en auk þess er alltaf sjúkraflutningamaður í áhöfnum varðskipa, þyrlna og flugvélar. Landhelgisgæslan sinnir einnig bráðaflutningum á landi þegar lögregla eða lækna óska þess. Vegna getu

Landhelgisgæslunnar og tækjakosts hennar hefur í auknum mæli verið leitað til stofnunarinnar vegna bráðaflutnings með þyrlum á landi og er svo komið að um 60% bráðaflutninga sem Landhelgisgæslan sinnir með þyrlum eru á landi. Þá sinnir Landhelgisgæslan stöku sinnum flutningi sjúkra á milli landa.

Hluti af lækningaþjónustu sem lækna í áhöfnum þyrlna Landhelgisgæslunnar hafa veitt felst í fjarlækningaþjónustu við sjófarendur. Þannig er sjófarendum á fjarlægum miðum veitt aðstoð við aðhlyningu og meðferð sjúklinga þangað til hægt er að flytja sjúkling undir læknishendur. Þjónustuna veita lækna í gegnum fjarskiptakerfi Landhelgisgæslunnar.

Helstu verkefni tengd leit og björgun:

- Leit og björgun fólks, skipa, báta og loftfara
- Slökkvistörf um borð í skipum
- Leit og björgun á landi
- Leit neðansjávar vegna slysa
- Leit á landi, á vötnum og ám
- Björgun skipa sem hafa bilað eða orðið fyrir áföllum
- Rýming skemmtiferðaskipa sem hafa orðið fyrir áföllum

Tegundir útkalla

	2009	2008	2007
Leit og björgun	47	64	74
Sjúkraflutningar	70	72	98

Staðsetningar leitar og björgunar 2007-2009

	Byggð	Óbyggðir	Sjó
2009	2	20	25
2008	12	27	25
2007	13	28	33

Ferðir loftfara í útköll

	2009	2008	2007
SYN/SIF	1	6	11
LIF	63	93	62
GNA	52	40	57
EIR	20	11	28
OBX	0	0	9
SIF (þyrla 2007)	0	0	13

Sjúkraflutningar (EMS) 2007-2009

	Byggð	Óbyggðir	Sjó
2009	28	25	17
2008	37	26	9
2007	57	26	15




TF-LIF við björgunarstörf

EFTIRLIT MEÐ FISKVEIÐUM Á HAFSVÆÐINU UMHVERFIS ÍSLAND

Varðskipin verkefni 2008 og 2009

	2008	2009
Löggæsla, fjöldi tíma	7.239	6.993
Eftirlit, fjöldi tíma	249	422
Eftirlit, fjöldi skipa /skoðana	210	324
Athugasemdir, fjöldi skipa	108	224
Búnaður, fjöldi skipa	90	101
Afli	6	53
Fiskidagbók	5	11
Veðiðileyfi	8	8
Veiðarfæri/haffæri	3	9
Lögskráning/vöntun atv.skirt.	23	19
Vöntun réttindamanna/réttindi	41	55
Fjöldi kæra á skipstjóra	10	9
Fjöldi áminninga á skipstjóra	30	9
Bjarganir - fjöldi tíma	39	70
Leit og björgun - fjöldi tíma	23	4
Öldudufli - fjöldi tíma	4	16
Fjöldi æfinga	118	94

Athugasemdir í eftirliti



Fiskveiðar Íslendinga fara að mestu fram á landgrunninu (innan 50 sml frá landi). Á djúpslóð er um að ræða botnfiskveiðar út af SV-, V- og SA-landi. Þá stunda Íslendingar úthafskarfveiðar djúpt SV af landinu og kolmunaveiðar út af A- og SA-landi. Loðnuveiðar eru stundaðar með austur- og suðurströndinni á veturna og út af NV-, N- og NA-landi á sumrin. Árið 2009 fóru um 420 klukkustundir varðskipanna í beint eftirlit með fiskveiðum, 200 flugtímar hjá þyrlum en 300 flugtímar eftirlitsflugvélar Landhelgisgæslunnar.

Ásókn erlendra skipa á miðin við Ísland er talsverð. Á vormánuðum stundar stór floti erlendra skipa úthafskarfveiðar SV af landinu og hefur ágangur þeirra á mörkum lögsögunnar verið talsverður. Erlend skip stunda botnfisksveiðar við miðlínurnar milli Íslands og Grænlands og milli Íslands og Færeyja. Þá stundar floti skipa frá Asíu túnfisksveiðar suður af landinu á haustmánuðum.

Fiskveiðieftirlit varðskipanna verður sífellt markvissara. Færri tímar eru notaðir við löggæslu en fleiri tímar við fiskveiðieftirlit. Farið er um borð í fleiri skip og báta og hefur athugasemdum fjölgað um helming á milli árána 2008 og 2009. Við eftirlit er sérstaklega horft til veiða íslenskra skipa á lokuðum svæðum, ólöglegra veiðarfæra, brottkasts, haffæris, búnaðar fiskiskipa og réttinda áhafna. Við skyndiskoðanir er m.a. farið yfir veiðarfæri, búnað, afla, réttindi áhafnar, fiskidagbók, veiðileyfi, skráningu og fleira.

Strandveiðar 2009

Strandveiðar hófust í byrjun júlí og stóðu fram eftir mánuðinum eftir því sem kvóti einstakra svæða kláraðist. Seinna tímabilið hófst í byrjun ágúst og stóð á sama hátt fram eftir mánuðinum en heildarkvótinn var mun minni og lauk því veiðunum fyrr. Gefin voru út um 600 veiðileyfi til strandveiða og fór heildarfjöldi báta og skipa í fjareftirliti yfir 800 á álagstímum sem var aukning um 200-300 báta. Atvikum þar sem veita þurfti aðstoð eða hefja eftirgrennsan fjölgaði mikið þær vikur sem strandveiðitímabilið stóð. Varð við aukningu þessa gífurlegt álag í stjórnstöðinni.

Mengunarvarnir og auðlindagæsla

Mengunareftirliti og vörnum er sinnt með öllum einingum Landhelgisgæslunnar. Flugvélin TF-SIF er búin bestu fánlegu tækjum til mengunareftirlits að nóttu sem degi. Varðskip Landhelgisgæslunnar TÝR og ÆGIR eru ekki sérstaklega búin til að takast á við mengunarslys en reglulega eru haldnar æfingar í samstarfi við Umhverfisstofnun, hafnaryfirvöld og fleiri í viðbúnaði við mengunarslys. Á árinu voru æfingar með hafnaryfirvöldum á Akureyri og Fáskrúðsfirði þar sem notaður var mengunarvarnabúnaður Umhverfisstofnunar og hafnaryfirvalda. Þór, nýtt varðskip sem er í smíðum í Chile er vel tækjum búð til að takast á við mengunarslys á hafi úti.



Varðskipsmenn í eftirlitsferð

LÖGGÆSLU Á LANDI VEITT MARGVÍSLEG AÐSTOÐ

Áhafnir varðskipa og loftfara Landhelgisgæslunnar ásamt sérfræðingum sprengjusveitar og stjórnstöðvar hafa með höndum löggæsluvald og aðstoða þeir við löggæslu á landi sé þess óskað. Á árinu var margvísleg samvinna milli eininga Landhelgisgæslu og lögreglunnar, má þar nefna flutning sérsvaitar, margvíslegar sameiginlega æfingar, hálendis- og umferðareftirlit, sprengjueyðing og fleira. Þjálfun áhafna í einingum Landhelgisgæslunnar á að miðast við að stofnunin sé í stakk búin til að taka þátt í hverju því verkefni sem að höndum ber. Einnig er þjálfun nema lögregluskólans fastur liður í dagskrá varðskipa og þyrilusveitar. Varðskipið Týr stöðvaði þann 20. apríl för seglskútu djúpt út af SA-landi vegna gruns um stórfellt fíkniefnabrot. Hafði áhöfn flugvélar Landhelgisgæslunnar, TF-SYN fylgt skútunni nær óslitið eftir í 10 klukkstundir. Aðgerðin hófst kvöldið áður þegar Líf, þyrila Landhelgisgæslunnar flaug með sérsvaitarmenn frá Reykjavík til Hafnar í Hornafirði og varðskipið Týr var beðið um að halda

áleiðis til SA-lands. Var sérsvaitarmönnum flogið að varðskipinu þar sem þeir sigu um borð. Þegar komið var að skútunni fóru fjórir sérsvaitarmenn um borð og handtóku þrjá menn, tvo

Íslendinga og Hollending. Um var að ræða sameiginlega aðgerð Landhelgisgæslunnar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, lögreglunnar á Eskifirði og sérsvaitar ríkislögreglustjóra.



Aðstoð við löggæslu á landi

- Sértekar lögregluaðgerðir á landi
- Varnir gegn hryðjuverkum og skipulagðri glæparfsemi
- Mannfjöldastjórnun
- Flutning sérsvaitar
- Skýrslutöku
- Rannsókn sjóslysa
- Sprengjueyðingu
- Hálandiseftirlit
- Umferðareftirlit
- Leit að einstaklingum
- Leit í höfnum og vötnum vegna rannsóknar mála
- Löggæslu á hafnarvæðum







Varðskipið Týr fylgir skútunni til hafnar í apríl 2009

MIKILVÆGT HLUTVERK VIÐ ALMANNAVARNIR

Landhelgisgæslan sinnir mikilvægu hlutverki í almannavarnakerfi Íslands. Samhæfingarstöð almannavarna og stjórnstöð leitar og björgunar er staðsett í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð. Viðfangsefni hennar eru fjórþætt; leit að týndu loftfari undir stjórn Flugstoða/Flugmálastjórnar Íslands; leit og björgun á landi undir stjórn fjarskiptamiðstöðvar lögreglu; leit og björgun á sjó undir stjórn Landhelgisgæslunnar; og í almannavarnaástandi eins og við náttúruvá, slys,

eða aðra atburði, sem ógna almannahéill, virkjar almannavarnadeild ríkislögreglustjórans stöðina. Samhæfingar- og stjórnstöð skal virkjuð þegar nauðsyn krefst að mati þeirra sem koma að stjórn leitar og björgunar eða viðbragða við hættuástandi. Stöðin samræmir aðgerðir og er ráðgefandi fyrir aðgerðastjórnir auk þess að hafa aðgang að vísindamönnum og öðrum sérfræðingum á ýmsum sviðum.

Þáttur Landhelgisgæslunnar í almannavörnum felst meðal annars í:

-  Stjórnun almannavarna aðgerða á sjó
-  Flutningi á björgunarfólki og tækjabúnaði
-  Flutningi á sérfræðingum við rannsóknir
-  Aðkallandi sjúkraflutningum
-  Leit og björgun
-  Vettvangsstjórnun og að halda uppi fjarskiptum með endurvarpa












SPRENGJUEYÐING Á SJÓ OG LANDI

Verkefni sprengjusveitar Landhelgisgæslunnar er að gera óvirkar og eyða sprengjum er finnast í hafinu við landið. Vegna sérþekkingar sinnar hefur sprengjusveitin jafnframt sinnt sprengjueyðingu og tengdum verkefnum á landi auk þess sem skotvopnaþjálfun áhafna Landhelgisgæslunnar er í höndum sprengjusveitar.



Ljósmynd: D. Eisey


Verkefni sprengjusveitar felast í:

-  Eyðingu sprengna og annarra hættulegra hluta er koma í veiðarfæri skipa eða finnast í fjörum eða á landi
-  Leit að sprengjum í skipum og flugvélum
-  Hreinsun hernaðarsvæða
-  Skotvopnaþjálfun innan Landhelgisgæslunnar
-  Þjálfun og kennslu í sprengjuleit og eyðingu
-  Öryggisgæslu í höfnum vegna komu erlendra herskipa
-  Sprengjuleit í höfnum
-  Samskiptum við ýmsa fagaðila, þar á meðal lögreglu
-  Þjálfun friðargæsluliða og þátttöku í friðargæslustörfum.

Sprengjusveit tilheyrar starfsmenn sem hlotið hafa sérþjálfun og öðlast réttindi til að vinna við sprengjueyðingu. Í byrjun árs 2009 kom út reglugerð um starfsemi sprengjusérfræðinga, hæfisskilyrði og menntun. Þar segir að aðeins Landhelgisgæslan hefur leyfi til að gefa út starfsleyfi til sprengjusérfræðinga sem uppfylla kröfur sem settar eru í faginu.

Sprengjusveitin aðstoðar flugheri við loftrýmisgæslu á vegum Varnarmálastofnunar og NATO með ýmsum hætti. Einnig eru þeir með ýmis námskeið fyrir flugvernd í Keflavík, starfsmenn Landhelgisgæslunnar, Tollgæslu, Vinnueftirlit, friðargæslu, Sérsvait ríkislögreglustjóra og aðstoðar einnig lögreglu með ýmsum hætti.

Skipting verkefna Sprengjusveitar 2009:



KÖFUN ER VEIGAMIKILL ÞÁTTUR Í AÐGERÐUM TIL SJÁVAR

Köfunarsveit er hluti aðgerðasviðs sem sinnir verkefnum á sviði köfunar. Köfunarsveit tilheyrir starfsmenn sem hlotið hafa sérþjálfun og öðlast réttindi til að vinna við köfun en eru fastir starfsmenn í öðrum einingum.



Ljósmynd D'Eisey

Á meðal verkefna köfunarsveitar á árinu 2009

- Útköll með sérsveit ríkislög-reglustjóra og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Mjög gott samstarf hefur verið við þessa aðila.
- Farið var í um 200 æfingakafanir á árinu, þar af var töluverður fjöldi vegna vinnu sprengjudeildar.
- 1656 klst. í öryggiskafanir með þyrlum Landhelgisgæslunnar
- Öryggisleit neðansjávar
- Sprengjueyðing neðansjávar.
- Veidarfæri skorin úr skipum.
- Viðgerðir neðansjávar á varðskipum
- Sprengjuleit vegna komu skipa frá aðildarríkjum NATO.
- Æfingakafanir með erlendum samstarfsaðilum, m.a. frá Frakklandi, Hollandi, Noregi, Bretlandi, Þýskalandi og Færeyjum. Flestar æfingakafanir, eða sjö talsins voru með áhöfnum dönsku varðskipanna og dönskum sprengjusérfræðingum.
- Kafanir í skipsflök, þ.a.m. Pourqoi Pas. Einnig tvær djúpkafanir á 50 metra dýpi vegna leitar að Goðafossi sem sökk var árið 1944.



Neðansjávarmyndavél undirbúin

Ljósmynd AS

MÆLINGAR HAFSVÆÐISINS OG ÞRÓUN SJÓKORTA



Þáttur sjómælingasviðs í öryggis-löggæslu- og eftirliti felst í kortlagningu siglingaleiða og gerð sjókorta, flóða-taflna og annarra gagna er stuðla að öruggri siglingu með ströndum landsins. Verkefni eru unnin í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins vegna SOLAS-samningsins sem Ísland er aðili að. SOLAS er alþjóðsamningur um öryggi mannlífa á hafinu. Innan sjómælingasviðs er unnið á samstarfsvettvangi Íslands að markmiðum Alþjóðasjómælingastofnunarinnar (IHO) að auka skilvirkni í verkefnum sjómælingastofnana á Norður-Atlantshafi með aukinni samvinnu í gerð sjókorta og annarra sjóferðagagna.

Vegna samdráttar í starfseminni var ákveðið að sjómælingabáturinn Baldur yrði ekki gerður út til mælinga á árinu nema að litlu leyti. Var hann því fenginn í sameiginlegt fiskveiðieftirlit með Fiskistofu sem stóð yfir, alls tuttugu daga í júlí og ágúst mánuði. Starfsmenn mælingadeildar unnu að úrvinnslu uppsafnaðra dýptargagna og flóðmælinga, auk þess voru, að beiðni Faxaflóahafna, stundaðar sjómælingar á Baldri meðfram hafnarbökkum Reykjavíkur, einnig var mæld aðkoma


Akraneshafnar.

Skoðuð voru tvö svæði í Faxaflóa þar sem talin voru vera skipsflök. Tókst að staðfesta skipsflak þar sem flugvélin TF-SIF hafði áður fundið olíubræk á sjónum. Við nánari skoðun kom í ljós að um var að ræða flak af bandaríska varðskipinu Alexander Hamilton sem sökkt var með tundurskeyti þann 29. janúar árið 1942. Á árinu tók Baldur ennfremur þátt í uppgönguæfingum með sérsveit Ríkislögreglustjóra.

Sala ársins var ríflega 2400 prentuð eintök sem er aðeins undir meðallagi en meðalársala síðustu 10 ára er tæp 2500 eintök á ári. Tæplega 1650 rafræn kort (ENC) voru seld á árinu.

Starfsmenn sjómælingasviðs unnu á árinu í samstarfi við starfsmenn bresku sjómælinganna að texta bresku leiðsögubókarinnar um Ísland. Sú vinna mun nýtast við fyrirhugaða endurútgáfu íslensku leiðsögubókarinnar frá árinu 1991.

Framkvæmdastjóri Sjómælingasviðs sótti 53. fund norrænu sjómælinga-nefndarinnar (NHC) sem haldinn var í Helsinki dagana 21.-23. apríl. Á fundinum var Georg Lárusson forstjóri kosinn formaður nefndarinnar.



Mynd af mælingunni fyrir utan Akranes

Ný kort gefin út 2009

Nr.	Ný kort 2009	kvarði	mánuður
53	Húnaflói	1:100.000	sep. 09
411	Tálknafjörður	1:10.000	apr. 09
412	Bildudalur	1:10.000	apr. 09
420	Flatey	1:10.000	nóv. 09

Verkefni sjómælingasviðs felast í:

- Fimmtán sjókort voru prentuð og gefin út á árinu af kortadeild Sjómælingasviðs.
- Fjögur ný kort, átta nýjar útgáfur og þrjár nýjar prentanir.
- Ákveðið var að hætta útgáfu og sölu tveggja korta.
- Unnið var að endurútgáfu á 6 eldri sjókortum og 3 nýjum kortum sem koma munu út árið 2010.
- Gefin voru út 19 rafræn sjókort (ENC sellur). Einnig níu ENC kort sem samsvara prentuðum hafnarkortum í 1:10.000 og tíu ENC kort sem samsvara strandsiglingakortum í 1:100.000.
- Sjávarfallatölur 2010 og Sjávarfallaalmannak 2010 komu út í nóvember.
- Tilkynningar til sjófarenda voru gefnar út í 6 heftum, samtals 40 tilkynningar árið 2009.



Léttabátur varðskipins kemur úr eftirliti

ERLEND SAMVINNA

Landhelgisgæslan á í góðu samstarfi við nágrannaríki Íslands á sviði öryggis-, löggæslu- og eftirlitsmála. Landhelgisgæslan á í daglegu samstarfi við Dani, Norðmenn, Breta, Færeyinga og Kanadamenn en þessar þjóðir eru ábyrgar fyrir leit og björgun á svæðum er liggja að ábyrgðarsvæði Íslands. Unnið er eftir skilgreindum verkferlum við Dani, Norðmenn og Bandaríkjamenn varðandi eftirlit, leit, björgun, æfingar og samvinnu, einnig er í gildi samkomulag við siglingastofnun Noregs um gagnkvæm skipti stjórnstöðva á upplýsingum um skipaumferð.

Á árinu 2009 lét Georg Kr. Lárusson forstjóri Landhelgisgæslunnar af formennsku samtakanna North Atlantic Coast Guard Forum (NACGF) sem eru samtök strandgæslna 20 þjóða við Norður Atlantshaf. Á árinu voru haldnir tveir viðamiklir fundir samtakanna; verkefnafundur í Reykjavík þar sem þátt tóku um 140 manns og aðalfundur samtakanna sem haldinn var á Akureyri. Stefnumál samtakanna eru unnin innan sjö vinnuhópa sem fjalla um leit og björgun, öryggismál á hafinu, fiskveiði- eftirlit, umhverfiseftirlit, smygl eiturlyfja, ólöglega innflytjendur og tæknibúnað innan strandgæslustofnana. Hlutverk samtakanna er að miðla upplýsingum og hugmyndum á sviði

ofangreindra málaflokka, hafa yfirlit yfir þekkingu og tækjabúnað sem til er á svæðinu sem auðveldar allt samstarf og áætlanagerð. Þá tekur Landhelgisgæslan einnig þátt í samstarfi strandgæslna á Norðurlöndum.



Fundi North Atlantic Coast Guard Forum sitja ætíð gestir frá stofnunum sem tengjast málefnum samtakanna. Má þar nefna Sameinuðu þjóðirnar, Frontex – Landamæra-

stofnun Evrópusambandsins, Chiefs of European Navies og fleiri. Fundur samtakanna á Akureyri var kveikjan að því samstarfi sem hófst fyrir alvöru sumarið 2010 milli Landhelgisgæslunnar og Landamæra- og Evrópusambandsins þar sem tæki Landhelgisgæslunnar eru nýtt við landamæravörslu á ytri landamærum Evrópusambandsins. Er verkefnið nýtt skref í starfi Landhelgisgæslunnar sem mun eflaust skila sér dýrmætri reynslu og fleiri tækifærum í framtíðinni.

Einnig hefur Landhelgisgæslan átt umtalsvert samstarf við NATO vegna sprengjusveitar og loftrýmiserfirlits.

Samstarf þjóða á Norður-Atlantshafi á sviði gagnkvæmra upplýsingaskipta, aðgerða og þjálfunar er mikilvægt og nauðsynlegt að Landhelgisgæslan sé virkur þátttakandi í þeim vettvangi.



Þátttakendur á North Atlantic Coast Guard Forum í Reykjavík 2009

Æfingar með erlendum samstarfsaðilum 2009:

Febrúar

Æfingar í Færeyjum og Reykjavík

Sameiginleg leitar- og björgunaræfing Íslendinga, Færeyinga og Dana. Þátttakendur í æfingunni voru stjórnstöð leitar- og björgunar í Færeyjum - MRCC Tórshavn, danska flotastjórnin, danska varðskipið TRITON, færeysku varðskipin BRIMILL og TJALDRID, færeysku björgunar-bátarnir ZISKA og LIV og að lokum v/s TYR.

Mars

Sameiginleg björgunaræfing Íslendinga og Dana Tvískipt björgunaræfing áhafna varðskips Landhelgisgæslunnar og danska varðskipsins Hvidbjörnen.

Apríl

Sérfræðingur sprengjusveitar Landhelgisgæslunnar var verðlaunaður fyrir framúrskarandi frammistöðu í yfirgripsmikilli NATO æfingu sem haldin var samtímis á fimm stöðum í Evrópu.

Mái

Varðskip Landhelgisgæslunnar við æfingar með danska varðskipinu Knud Rasmussen austur af Nolsoy í Færeyjum.

Júní

Alþjóðlega björgunaræfingin Bold Mercy. Æfingin er hluti af verkefni bandalagsþjóða NATO sem staðið hefur í mörg ár undir nafninu „Partnership for Peace“. Æfð voru viðbrögð við tveimur flugatvikum sem upp komu vegna eldgoss í Óskju.

Júní

Norska varðskipið Harstad, varðskipið Týr og þyrla Landhelgisgæslunnar TF-LÍF við björgunaræfingar á Faxaflóa. Æfingin var þrískipt. Hófst hún á mengunarvarnaæfingu, annar hluti æfingarinnar fólst í að þyrla Landhelgisgæslunnar kom til leitar að björgunarbáti og tveimur skipverjum sem höfðu lent í sjónum. Síðasti hluti æfingarinnar fólst í að Harstad tók varðskipið Tý í tog.

September

Umfangsmikil björgunar- og mengunarvarnaæfingar á Eyjafirði í tengslum við aðalfund NACGF á Akureyri. Meðal þátttakenda, norskt varðskip, danskt varðskip með þyrlu, bandaríska strandgæslan varðskip, flugvél og þyrla Landhelgisgæslunnar, björgunarskip Slysavarnarfélagssins Landsbjargar, stofnanir og samtök í áhöfn Samhæfingarstöðvarinnar í Skógarhlíð, Umhverfisstofnun auk starfsmanna Caribbean Cruise Line á Bretlandi.

September

Æfingin Northern Challenge, alþjóðleg æfing sprengjusérfræðinga. Varðskip og þyrla LHG tóku þátt auk sprengjusérfræðinga LHG.

Október

Danska varðskipið Ejnar Mikkelsen. Æfing með flugdeild og köfuum Landhelgisgæslunnar.

KYNNINGARSTARF Á INNLENDUM JAFNT SEM ERLENDUM VETTvangi

Kynningarstarf og upplýsingagjöf eru mikilvægir þættir í starfsemi Landhelgisgæslunnar. Á árinu fékk Landhelgisgæslan fjölda heimsóknna frá leikskólum, grunnskólum, háskólum, fyrirtækjum, félagasamtökum, innlendum jafnt sem erlendum samstarfsaðilum. Tóku starfsmenn virkan þátt í fræðslu og samstarfi sem tengist verkefnum Landhelgisgæslunnar. Aðkoma þyrilu er fastur liður í sjómannafræðslu Slysavarnarskóla sjómanna, starfsmenn koma með kynningar sem sniðnar eru námskeiðum af ýmsu tagi, taka þátt í 112 deginum og flugslysæfingum svo

dæmi séu nefnd. Einnig eru hátíðarhöld vegna Sjómannadagsins víða um land órjúfanlegur þáttur í starfseminni. Heimasíðan www.lhg.is miðlar upplýsingum um verkefni og hafa heimsóknir hennar aukist jafnt og þétt milli ára, úr 26.862 heimsóknum árið 2006 í 43.422 heimsóknir árið 2009. Á árinu fékk Landhelgisgæslan nokkrar heimsóknir erlendra fjölmiðla. Brian Hanrahan fréttamaður BBC World, heimsótti Landhelgisgæsluna í janúar ásamt kvikmyndatökumanni. Unnu þeir að þáttagerð varðandi horfur á norðurslóðum. Einnig fengu þáttagerðarmenn frönsku sjónvarpsstöðvarinnar Canal



Plus að fylgjast með verkefnum starfsmanna Landhelgisgæslunnar í desember. Fylgdust m.a. með æfingum sprengjusveitar, köfunarsveitar og flugdeildar auk þess sem þeir dvöldu um borð í varðskipi í einn sólarhring þar sem þeir öfluðu heimilda um fiskimenn, veiðar og fiskvinnslu hér við land.

VERKEFNI FLUGTÆKNIDEILDAR

Árið 2009 voru fimm flugför í rekstri og reglubundnu viðhaldi hjá flugtæknideild, þyrilurnar TF-LIF, TF-GNA og TF-EIR allt árið. Eftirlitsflugvélin TF-SYN fyrstu 4 mánuði ársins en fór þá í geymslu á flugsafnið á Akureyri. Einnig ný eftirlitsflugvél, TF-SIF sem kom til landsins í byrjun júlí.

Gerðar voru tvær stórar reglubundnar skoðanir á árinu, 500 tíma skoðun á TF-LIF og B skoðun á TF-SYN. Önnur stór verkefni voru viðgerð og skoðun á gírboxi í TF-EIR, ísetning nætursjón-

aualýsingar í TF-GNA og úttekt, innleiðing og móttaka á TF-SIF. Á árinu 2009 fékk flugtæknideild vottun frá Flugmálastjórn til að framkvæma svokölluð "airworthiness review" á

flugvélum og þyrilum en þessi vottun er tilkomin vegna nýrra krafna frá EASA (Flugöryggisstofnun Evrópu) er varðar útgáfu á lofthæfiskirteinum fyrir flugvélar og þyrilur.

Stopp flugfara Landhelgisgæslunnar á árinu 2009 vegna viðhaldsvinnu:

	Stopp vegna viðhalds véla á árinu í %	Dagar í reglubundnu viðhaldi	Dagar í ófyrirséðu viðhaldi (bilanir)	Dagar bið eftir varahlutum
EIR	48%	6	144	23
LIF	26%	58	0	38
GNA	5%	14	5	0
SIF	23%	1	0	41
SYN	48%	48	9	0



Flugvirki að störfum

Ljósmynd 05

REKSTUR ÁRSINS 2009 - HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Afgangur varð af rekstri Landhelgisgæslu Íslands á árinu 2009 upp á 279 m.kr. sem er viðsnúningur í rekstri upp á 333 m.kr. frá fyrra ári. Vegna halla frá fyrri árum er í árslok 2009 uppsafnaður afgangur 124 m.kr. eða 4,3 % af rekstrarframlagi ársins.

Heildarrekstrartölur 2009 og 2008 (m.kr.)

	2009	2008
Heildarútgjöld	2.868	2.870
Heildartekjur	-243	-213
Heildarútgjöld umfram sértekjur	2.625	2.657
Framlag ríkissjóðs	2.904	2.604
Afgangur	279	-53
Halli frá fyrra ári	-155	-101
Uppsöfnuð staða í árslok	125	-155

Afgangur í rekstri stafar af þeim miklu hagræðingar- og sparnaðaraðgerðum sem ráðist var í strax sumarið 2008 og af auknum krafti í ársbyrjun 2009. Flugtímum á þyrlum var fækkað, dregið stórlega úr úthaldi varðskipa, ekki var ráðið í laus störf, starfshlutfall minnkað, nokkrir starfsmenn fóru á eftirlaun og 5 starfsmönnum var sagt upp. Engar sjómælingar fóru fram á árinu en unnið úr eldri gögnum og áfram unnið að yfirfærslu sjókorta í rafrænt form. Leitað var eftir að auka sértekjur og jukust þær um 30 m. kr. meðal annars vegna hreinsunarstarfa sprengjusveitar á fyrrum varnarliðssvæði á Reykjanesi og dráttarverkefni sem varðskipið Týr sinnti er tveir prammar voru dregnir til Noregs fyrir verktakafyrirtæki. Þá var vinna flugvirkja seld út til Noregs í lok árs 2008 og ársbyrjun 2009 sem gaf töliverðar tekjur.

Útgjöld umfram sértekjur stóðu nánast í stað milli ára þrátt fyrir mikla hækkun erlendra útgjalda, vegna gengisfalls íslensku krónunnar. Kostnaður vegna leigu á þyrlum hækkaði t.d. um 134 m. kr. og nam alls 558 m. kr. Iðgjöld trygginga vegna loftfara hækkuðu um 49 m. kr. eða 111%. Á móti kom að launakostnaður lækkaði um 62 m. kr. eða 5 %, og dregið var úr innkaupum á varahlutum, almennum rekstrarvörum og aðkeyptri þjónustu. Eldsneytis-kostnaður stóð því sem næst í stað þrátt fyrir miklar verðhækkningar vegna minni innkaupa.

Sparnaðaraðgerðir ársins gera Landhelgisgæslunni betur kleift að bregðast við 280 m. kr. lækkun fjárveitinga á árinu 2010 og bregðast við óvæntum áföllum í rekstri en sveiflur í rekstrinum, einkum þyrlurekstrinum eru miklar vegna viðhaldskostnaðar, bilana og skemmda sem upp koma.

Flugrekstur Landhelgisgæslunnar er kostnaðarsamasti hluti rekstrarins og hefur vægi hans aukist með auknum rekstri eftir brottför varnarliðsins haustið 2006. Einnig hefur hlutdeildin aukist verulega með gengisfalli íslensku krónunnar árið 2008 og 2009 þar sem leiga á þyrlum, varahlutir, þjálfun, tryggingar og fleira er greitt í erlendra mynt.

Skipting kostnaðar eftir deildum (m.kr.)

	2009	
Varðskiparekstur	546	21%
Flugrekstur	1.659	63%
Stjórnstöð, sprengjusveit	166	6%
Sjómælingar	56	2%
Annar rekstur	199	8%
	2.625	100%



TF-SIF ásamt TF-LIF við skýli Landhelgisgæslunnar

ÚR DAGBÓK LANDHELGISGÆSLUNNAR 2009

Afrek unnið í sameiginlegri aðgerð Landhelgisgæslu og lögreglu

Mánudagur 20. apríl 2009

Varðskipið Týr stöðvaði kl. 22:35 í gærkvöldi för seglskútu djúpt út af SA-landi vegna gruns um stórfellt fíkniefnabrot. Hafði áhöfn TF-SYN fylgt skútunni nær óslitið eftir frá því þeir fundu skútuna kl. 12:30 eftir að hafa leitað á svæðinu í um klukkustund. Var Challenger þota frá danska hernum fengin til að leysa TF-SYN af, meðan farið var til eldsneytistöku á Höfn Hornafirði.

Aðgerðin hófst á laugardagskvöld en þá flaug TF-LIF með sérsveitarmenn frá Reykjavík til Hafnar í Hornafirði og varðskipið Týr var beðið um að halda áleiðis til SA-lands á aukinni ferð. Á sunnudag var sérsveitarmönnum flogið að varðskipinu þar sem þeir sigu um borð kl. 14:50. Að því loknu flaug þyrlan á Höfn í Hornafirði að nýju og tók þar um borð efnin og flutti þau í fylgd sérsveitarmanna til Reykjavíkur, lenti þyrlan kl. 18:20. Þegar komið var að skútunni fóru fjórir sérsveitarmenn um borð og handtöku þrjá menn, tvo Íslendinga og Hollending. Áður hafði lögregla og Landhelgisgæslan verið í talstöðvarsambandi við skútuna, sem hunsaði fyrirmæli um að stöðva og gefast upp. Mennirnir sýndu ekki mótspyrnu. Varðskipið mun færa skútuna til hafnar á Íslandi. Um er að ræða sameiginlega aðgerð Landhelgisgæslunnar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, lögreglunnar á Eskifirði og sérsveitar ríkislögreglustjóra sem



hófst með handtöku þriggja manna á laugardagskvöld en fíkniefnin fundust í töskum í farangursrými bíls, sem einn þeirra ók á hringveginum nálægt Höfn. Í kjölfarið hófst leit að skútunni sem talið er að hafi flutt fíkniefnin til landsins.

Landhelgisgæslan lagði til þyrlur, flugvél og varðskip og fannst skútan á laugardag við miðlínuna milli Íslands og Færeyja á leið norður fyrir Færeyjar.

Skjót björgun Herdísar SH-145 að þakka neyðarsendi

Miðvikudagur 20. maí 2009

Neyðarsendi á tíðninni 406 MHz varð til þess í nótt að skjótt var brugðist við og vel tókst til við að bjarga tveimur skipbrotsmönnum sem komust í gúmbjörgunarbát þegar bátur þeirra, Herdís SH-145 brann og sökk um 16,5 sjómílar NV- Bjargtöngum. Ekkert neyðarkall barst frá bátnum, hvorki í sjálfvirka tilkynningakerfinu, í gegnum talstöð eða síma. Skipbrotsmennirnir náðu að ræsa neyðarsendi um borð í björgunarbátnum sem sendi frá sér Cospas-Sarsat neyðarskeyti á 406 MHz. Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar brást við og sá nær samstundis staðsetningu neyðarskeytisins.

Tilkomumikil sjón og söguleg stund

Miðvikudagur, 29. apríl 2009

Nýtt fjölnota varðskip
Landhelgisgæslunnar stóreykur

björgunargetu Íslendinga og myndar öflugan hlekk í björgunardeðu á Norður-Atlantshafi

Það var tilkomumikil sjón þegar nýtt fjölnota varðskip Íslendinga var í dag sjósett við hátíðlega athöfn í ASMAR skipasmíðastöð sjóhersins í Chile og um leið gefið nafnið Þór. Georg Kr. Lárusson forstjóri flutti hátíðarræðu við athöfnina.

Mikil mildi að þyrlulæknir var um borð

Mánudagur 15. júní 2009

Þyrla Landhelgisgæslunnar TF-GNÁ var nýverið kölluð út eftir að stjórnstöð Landhelgisgæslunnar barst tilkynning um fótbrotinn vélsleðamann nærri Sandsúlum á Snæfellsjökli. Upplýsingar um ástand hins slasaða voru frekar óljósar, aðeins að maðurinn væri þungt haldinn. Kölluð var út þyrluvakt á B vakt þar sem A vakt var í verkefni á Norðurlandi og var þyrlulæknir þar staddur. Var ákveðið að kalla til annan lækni þar sem ekki lágu nægar upplýsingar fyrir um líðan hins slasaða. Flogið var beint á staðinn í sjónflugi og lent skammt frá slysstað en þangað var maðurinn fluttur með jeppa. Var þá búið að setja spelku á fót hins slasaða, hann kominn með hálskraga og á bakbretti. Var hann fluttur yfir í þyrluna og síðan flogið beint heim í sjónflugi. Mikil mildi var að læknir var í þyrlunni því í fluginu var maðurinn óstabill og mjög kaldur.



Varðskipið Týr losar togarann Sóleyju Sigurjóns af strandstað ásamt norska varðskipinu Harstad

Fimmtudagur 4. júní 2009

Mikilvægi varðskipa sem björgunartækja og ekki síður mikilvægi þess fyrir Landhelgisgæsluna að hafa yfir öflugum björgunar- og dráttarskipi að ráða sýndi sig berlega í eftirmiðdaginn þegar varðskipið Týr dró togarann Sóley Sigurjóns af strandstað í innsiglingunni í Sandgerði með aðstoð norska varðskipisins Harstad. Norska varðskipið Harstad er stutt hér við land á grundvelli samstarfssamnings við Landhelgisgæsluna.

TF-LÍF sækir veikan sjómann um borð í togarann Polar Nanoq

Miðvikudagur 3. júní 2009

Þýrla Landhelgisgæslunnar, TF-LIF var kölluð út kl. 22:50 í gærkvöldi eftir að grænlandski togarinn Polar Nanoq hafði samband við Landhelgisgæsluna og óskaði eftir aðstoð þýrlunnar. Um borð væri 48 ára færeyskur maður, grunur lék á að hann væri með innvortis blæðingar. Þýrlulæknir ræddi við skipstjóra og talið var nauðsynlegt að sækja manninn. Polar Nanoq snéri samstundis við og á hélt á fullri ferð til móts við þýrluna en togarinn var staðsettur um 188 sjómílar SV af Reykjanesi. Var togarinn á siglingu til Grænlands eftir að hafa landað á Íslandi. TF-LIF fór frá Reykjavík kl. 00:30 og var komin að skipinu kl. 02:15.



Ljósmynd AS

Þýrlulæknir seig um borð ásamt stýrimanni og undirbjuggu þeir sjúkling fyrir hífingu. Var hífingu lokið kl. 02:28 og hélt þá TF-LIF til Reykjavíkurflugvallar þar sem sjúkrabíreið tók við sjúklingnum kl. 04:00 í nótt.

Sjómælingabáturinn Baldur aðstoðar skútu VSV af Garðskaga

Sunnudagur 26. júlí 2009

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar barst kl. 18:43 föstudaginn 24. júlí CospasSarsat neyðarskeyti á 406MHz frá hollensku skútunni Shanty sem var á leið frá Grænlandi til Íslands. Sendi stjórnstöð út tilkynningu til skipa á svæðinu og reynt var að kalla skútuna en án árangurs. Var þá haft samband við togara að veiðum við 200 sml mörkin SV af Reykjanesi og kl.19:09 hafði færeyski togarinn Enniberg samband og tilkynnti að skútan sé hjá þeim, með brotið mastur og orðin tæp

á olíu. Eftir að hafa fengið olíu hjá togaranum hélt skútan áfram til Reykjavíkur á um 4 sjómílna ferð og ráðgerði að vera þar eftir um 3 sólarhringa. Um borð í skútunni voru hollensk hjón á miðjum aldri. Morguninn eftir eða kl. 07:40 barst skeyti frá farþegaskipi á svæðinu um að neyðarástand ríkti um borð í skútunni sem þá var staðsett 173 sjómílar VSV af Garðskaga, annar áhafnarmeðlima væri meiddur. Ákveðið var að sjómælingabáturinn Baldur, sem var við fiskveiðieftirlit, færi á móts við skútuna. Baldur kom að skútunni kl. 22:22 um 85,5 sjómílar VSV af Garðskaga. Ekkert amaði að um borð, en skútufólkið fékk frá Baldri viðbótar olíu. Snéri Baldur síðan við og hélt til fyrri starfa við fiskveiðieftirlit, siglir nú skútan á um 6 sjómílna hraða til Reykjavíkur, er hún væntanleg til hafnar um kl. 19:00.



Eftirlit við Vestmannaeyjar

Ljósmynd AS

TF-SIF greinir mengun á Faxaflóa með tækjabúnaði sem veldur byltingu í umhverfisvernd

Miðvikudagur 8. júlí 2009

Við eftirlits- og æfingflug TF-SIF, flugvélar Landhelgisgæslunnar í gær sást olíumengun á Faxaflóa með tækjabúnaði eftirlitsflugvélarinnar sem kallast „Side Looking Infrared Radar“ (SLAR). Gerir búnaðurinn vélinni kleift að staðsetja mengun, greina hvers eðlis mengunin er, stærð svæðisins, þykkt olíunnar og magn. Einnig var tekið var upp myndskleið af menguninni. Við komu til Reykjavíkur var Umhverfisstofnun gert viðvart og þeim send gögn sem aflað var í eftirlitinu. Samkvæmt sérfræðingum Umhverfisstofnunar virðist magn mengunarinnar ekki vera þess eðlis að grípa þurfi til aðgerða. Uppruni hennar er óljós, gæti komið frá skipsflaki en málið verður rannsakað nánar, stefna og lega mengunarinnar bendir þó til að ólíklegt sé að hún komi frá skipi á siglingu. Að þeirra sögn hefur lengi verið beðið eftir tækjabúnaði eins og þeim sem er í TF-SIF. Gögn þau sem hann veitir eru í raun bylting á þessu sviði og margfaldar getu til að finna ólöglega losun olíu á hafsvæðinu umhverfis Ísland. TF-SIF skapar okkur Íslendingum kost á að fylgjast með hafinu umhverfis Ísland með allt öðrum og nákvæmari hætti en verið hefur og veldur gjörbreytingu í auðlindagæslu og umhverfisvernd.



Ljósmynd ÓAS



Ljósmynd AS



Landhelgisgæslan finnur (hugsanlegt) skipsflak á botni Faxaflóa

19. ágúst 2009

Í fyrsta eftirlitsflugi TF-SIF þann 7. júlí sl. sást olíuflekkur á Faxaflóa með mengunareftirlitsbúnaði flugvélarinnar og virtist olían seitlett upp undan yfirborði sjávar. Grunur beindist fljótlega að því að um skipsflak á hafsbotni væri að ræða. Olíuflekkurinn var ekki greinanlegur með berum augum. Eftirlitsflugvélin flaug að nýju yfir svæðið tveimur dögum síðar og í flugskýrslu sem gerð var eftir flugið segir; Komið að olíuflekkur sem fannst í flugi 7. júlí. Upptök olíunnar eru á stað 64 35,5'N / 023 03,5W og lá flekkurinn til NV- í 5,6 sml. Litur mengunarinnar er "rainbow". Greinilegt að mengunin á upptök sýn á hafsbotni. Neðan- greindar myndir sýna dreifinguna á SLAR (Side Looking Infrared Radar).

Veðurskýrslur benda til að flakið sé Alexander Hamilton

21. ágúst 2009

Starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa aflað upplýsinga um skipin sem talin eru koma til greina sem skipsflök á botni Faxaflóa. Skipin eru bandaríska varðskipið Alexander Hamilton sem varð fyrir áráð þýska kafbátsins U-132 þann 29. janúar árið 1942 og olíuskipið Shirvan varð fyrir áráð þýska kafbátsins U-300 þann 10. nóvember 1944.

Grunur um skipsflak vaknaði eftir að eftirlitsflugvél Landhelgisgæslunnar TF-SIF flaug yfir svæðið þann 7. júlí sl. og greindi olíubræk með radar flugvélarinnar sem m.a. er notaður við mengunareftirlit.

AIS tæknin leysir sjálfvirku tilkynningaskylduna (STK) af hólmi

Mánudagur 24. ágúst 2009

Eftir sextán mánuði eða þann 1. janúar 2011 mun AIS - sjálfvirkt auðkennikerfi skipa leysa af hólmi Racal STK kerfi í ferilvöktun skipa. Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar, en undir hana fellur vaktstöð siglinga, tók fyrsta skref



Ljósmynd AS

í breytingum þessum innan fjarskipta og ferilvöktunar skipa í júlí sl. á hafsvæði A1 þegar tekin voru upp til reynslu fjarskipti með stafrænu valkalli á metrabylgju eða DSC-VHF (Digital select calling – very high frequency).

Varðskip í Síldarsmugunni eftir að hafa dregið tvo dýpkunarpramma til Noregs

Þriðjudagur 25. ágúst 2009

Varðskipið Týr er nú á heimleið frá Noregi en skipið lagði af stað frá Íslandi fyrir 10 dögum síðan. Tilgangur ferðarinnar var annars vegar að draga tvo dýpkunarpramma, Mikael og Gretti til Stamsund á Lofoten í Noregi. Hins vegar var ferðin nýtt til eftirlitsstarfa á Norður Atlantshafi og er varðskipið nú á leið í Síldarsmuguna þar sem eru um þrjátíu skip að veiðum. Með því að senda íslenskt varðskip í Síldarsmuguna minnir Landhelgisgæslan á rétt Íslendinga á þessu hafsvæði og uppfyllir jafnframt alþjóðlegar eftirlitskyldur sem aðili að Norðaustur Atlantshafsfiskveiðinefndinni (NEAFC). Varðskipið Týr var í gær við eftirlit í Síldarsmugunni sem er alþjóðlegt hafsvæði Norðaustur Atlandshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Í Síldarsmugunni eru stödd um þrjátíu skip, meirihluti þeirra er staðsett norðarlega á svæðinu eða ANA af Jan Mayen. Skipin eru frá Rússlandi, Portúgal, Spáni, Færeyjum og Póllandi.

Æfingin „Northern Challenge“ stendur yfir

Miðvikudagur 23. september 2009

Æfingin „Northern Challenge“, alþjóð-



Ljósmynd AS

leg æfing sprengjusérfræðinga stendur nú yfir, á gamla varnarliðssvæðinu við Keflavíkurflugvöll og í höfninni við Helguvík. Á æfingunni er reynt að skapa aðstæður eins raunverulegar og hægt er þar sem notaðar eru eftirlíkingar af hryðjuverkaspengjum sem fundist hafa um heim allan síðastliðin ár. Æfingin stendur yfir í tvær vikur og taka 80 sprengjusérfræðingar frá sjö þjóðum þátt í henni. Æfingin hefur áunnið sér hlutverk innan NATO í svo kölluðu POW (Programme Of Work Against Terrorism) sem notað er í baráttunni gegn hryðjuverkum. Æfingin er haldin er á vegum Dómsmálaráðuneytisins, Landhelgisgæslunnar, Varnarmálastofnunar og NATO en þetta er í áttunda skipti sem æfingin fer fram hér á landi og fer aðsóknin sífellt vaxandi.

Samningur um undirritaður milli Landhelgisgæslunnar og Landspítalans háskólasjúkrahúss

Mánudagur 14. september 2009

Í dag var undirritaður samningur milli Landhelgisgæslu Íslands og Slysa- og bráðasviðs Landspítala háskólasjúkrahúss um gagnkvæma þjálfun áhafna þyrilu Landhelgisgæslunnar og hjúkrunarfræðinga á slysa- og bráðasviði Landspítalans.

Flugvél Landhelgisgæslunnar veitir olíuskipti upplýsingar um hafis fyrir vestan land

Þriðjudagur 20. október 2009

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar hefur í dag fylgst með siglingu olíuskiptisins ZUMA vestur fyrir Ísland en skipið er á leið frá Bandaríkjunum til Rússlands. Skipið valdi að sigla vestur fyrir land vegna lægða sem ganga yfir suður af landinu. Athygli vakti þegar skipið sigldi lengra í norður en venjan er á þessari siglingaleið en ástæðan var sú að skipið vildi halda ákveðinni fjarlægð frá fiskiskipum á svæðinu. TF-SIF, eftirlitsflugvél Landhelgisgæslunnar var í gæsluflugi um vestanvert landið og var hún beðin um að kanna svæðið nánar. Sá hún að skipið hafði nýlega farið hjá borgarísjaka en hafísrönd og stakir ísjakar voru nokkuð norðan við það. Var skipið upplýst um stöðuna var því bent á að fara varlega.

Tólf japönsk túnfiskveiðiskip rétt utan lögsögunnar

Þriðjudagur 13. október 2009

Í eftirlits- og gæsluflugi Landhelgisgæslunnar á TF-SIF, sem farið var í



Ljósmynd D'Eisey

gærkvöldi og nótt sáu st 12 japönsk túnfiskveiðiskip að veiðum rétt utan íslensku efnahagslögsögunnar sem dreifðust frá 17. – 25 lengdargráðu.

Varðskipið Ægir dregur grænlenkt togskip til hafnar á Íslandi

Mánudagur 12. október 2009

Varðskip Landhelgisgæslunnar kom kl. 09:00 í morgun að grænlenka togskipinu Qavak þar sem það var vélarvana um 200 sjómílu suðvestur af Reykjanesi með fjóra menn í áhöfn. Var skipið á leið til Danmerkur þegar vél þess bilaði í gærmorgun. Var þá send beiðni um aðstoð til stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar, í gegnum flutningaskipið Naja Arctica sem kom Qavak til aðstoðar við bilunina. Var flutningaskipið um kyrrt til kl. 07:00 í morgun eða þar til íslenska varðskipið kom á svæðið. Höfðu þá skipin rekið um 30 sjómílu í norð-vestur. Togskipið Qavak er um 200 tonn að þyngd og 22 metra langt, í eigu Polar Seafood á Grænlandi.

Þyrla Landhelgisgæslunnar sækir veikan skipverja um borð í erlent flutningaskip

Sunnudagur 22. nóvember 2009

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar barst á sunnudag beiðni um að þyrla

Landhelgisgæslunnar yrði kölluð út vegna skipverja með botnlangakast um borð í erlendu flutningaskipi sem statt var suður af landinu á siglingu yfir Atlantshafið.

Þyrla Landhelgisgæslunnar við eftirlit ásamt lögreglu

Sunnudagur 8. nóvember 2009

Æfingaflug þyrlu Landhelgisgæslunnar var um helgina nýtt til eftirlits ásamt lögreglunni á Selfossi. Lent var við Botnssúlur þar sem afskipti voru höfð af tveimur rjúpnaskyttum sem grunaðir



Ljósmynd AS



voru um að hafa veitt á landsvæði þjóðgarðsins en þar eru veiðar stranglega bannaðar. Afli þeirra var gerður upptækur sem og veiðarfæri.

Sprengrusveit Landhelgisgæslunnar rannsakar torkennilega hluti

Fimmtudagur 5. nóvember 2009

Sprengrusveit Landhelgisgæslunnar var í gær kölluð út til að kanna dufl sem barst á land í Skarðsfjöru við Skaftárdjúp. Við nánari athugun reyndist um að ræða rússneskt hlerunardufl en einnig fannst í fjörunni rússnesk siglingabauja ásamt hita- og seltumæli úr kabát sem notaður er til að mæla seltu- og hljóðhraða í sjónum. Voru bæði duflin götuð til að þau sökkvi þegar þau berast að nýju til sjávar. Stafar því ekki af þeim hætta fyrir sjófarendur.

Ljósmynd GSV



Guðmundur Emil Sigurðsson - stýrimaður, Kristján Þ. Jónsson - skipherra Ægis og Georg Kr. Lárusson - forstjóri Landhelgisgæslu Íslands.

Ljósmynd AS

Veiðar færeyskra línu- og handfærabáta á árinu innan lögsögunnar

21. desember 2009

Samkvæmt stjórnstöð Landhelgisgæslunnar hafa á árinu allt upp í níu færeysk línuskip verið að veiðum á sama tíma innan hefðbundinna svæða sunnarlega í íslensku lögsögunni. Hafa nú öll skipin haldið til síns heima en flest voru skipin í október mánuði með uppgefinn heildarafla 578 tonn. Samkvæmt upplýsingum stjórnstöðvar var heildarafli færeyskra línu og handfærabáta sem tilkynntur var til Landhelgisgæslunnar árið 2009 samtals 5053,057 kg. Alls fóru færeysku bátarnir í 101 veiðiferð á árinu sem skiptust á milli 20 báta.

Sprengjusérfræðingar eyða dínamítí á Seyðisfirði

Miðvikudagur 23. desember 2009

Sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar voru kallaðir út á mánudag eftir að lögreglan á Seyðisfirði hafði samband við stjórnstöð og tilkynnti um dínamítúpur sem fundust í bænum. Erfiðlega gekk að komast til Seyðisfjarðar vegna stórhriðar á



Þyrla við eftirlit

Ljósmynd AS

Fjarðarheiði. Komust sprengjusérfræðingarnir loks á staðinn eftir hádegi á þriðjudag og fóru með dínamítíð til eyðingar fyrir utan bæinn.



Ljósmynd D.Éiskey

Sprengjusveit kölluð út vegna grunsamlegs farangurs um borð í farþegaflugvél

26. desember 2009

Sprengjusveit Landhelgisgæslunnar var kölluð út kl. 16:10 í dag eftir að stjórnstöð barst tilkynning um grunsamlegan farangur um borð í farþegaflugvél Lufthansa á flugleiðinni frá Frankfurt til Bandaríkjana. Var lending flugvélarinnar áætluð á Keflavíkflugvelli kl. 16:30. Eftir samráð við sérsveit ríkislögreglustjóra hélt sprengjusveitin til aðstoðar.



TF-SIF kemur til landsins og þyrlurnar GNÁ og LÍF fylgja henni

Ljósmynd BS

Ársskýrsla Landhelgisgæslu Íslands 2009

Umsjón: Hrafnhildur Brynja Stefánsdóttir

Ljósmyndir: Árni Sæberg (ÁS), Doug Elsey (D Elsey), Óskar Ármann Skúlason (ÓÁS),

Baldur Sveinsson (BS), Odd Stefán (OS) og Guðmundur St. Valdimarsson (GSV)

Prentun: Svansprent



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
ICELANDIC COAST GUARD

SKÓGARHLÍÐ 14
105 REYKJAVÍK
ICELAND
TEL. +354 545 2000
FAX +354 545 2001
WWW.LHG.IS